

# Grænt svæði í Melahverfi

Melahverfið er nokkuð miðsvæðis í Hvalfjarðarsveit og grænt svæði þar getur þjónustað allt sveitarfélagið sem samkomustaður fyrir ýmsa viðburði.

## Hönnunarsvæðið

Á vestari hluta er malarbakki sem er betra byggingarsvæði. Á austari hluta er leirrikur jarðvegur sem hentar betur fyrir gróður og safntjörn.

Aðal vindáttin á veturna er norðaustan- og austanáttin en á sumrin blæs einnig að vestan. Nauðsynlegt er að auka á skjól og hefta vindstrengi þvert um svæðið.

Svæðið er hjart og opið, tengt á þremur stöðum við göturnar er liggja að því. Norðan megin er óbyggt svæði sem hefur þjónað sem helsta gönguleiðin norður fyrir hverfið.

## Hönnunatriði

Form hólis og tjarnar endurspeglar skjaldamerki Hvalfjarðarsveitar og söguna af prestinum og hvalnum.



### Samkomustaður

- Grill og setusvæði
- Torg með skjólbelti til vesturs
- Pallur og hátalarakerfi

### Leikvöllur

- Ærslabelgur, bekkjaróla, hóll o.fl.
- Krossinn er bekkur og klifurgrind
- Tæki fyrir teygjur og æfingar

### Tengingar

- Gönguleiðir opnaðar til norðurs
- Gönguleið inn á plan stjórnsýsluhúss
- Áningarstaður við safntjörnina
- Krossinn bekkur og leikbrú

## Gróður gegnir lykilhlutverki

- Skjól
- Hljóðvist
- Værð og öryggi
- Fegurð og nytsemi

# Hönnunartillaga



Hönnunarsvæði liggur norðan og vestan við stjórnsýsluhúsið í Melahverfi.

## Hóllinn

Skiptir svæðinu milli tveggja mismunandi afþreyingarsvæða, skemmtanahalds á torgi og daglegra þarfa á leikvelli.

Hann gegnir nokkrum hlutverkum:

- óformlegt setusvæði fyrir torg, leikhóll og brekka fyrir leiksvæði skjól og afmörkun svæða.



## Torgið

Göngustígur sem þverar svæðið klofnar í tvennt og myndar torg.

Á vestari endanum er svið með hátalarakerfi og á þeim austari er vegvísir sem myndar einnig sólúr.

Aftan við sviðið er hátt runnabeð sem myndar skjól fyrir vestanáttinni á sumrin. Festingar eru við pallinn fyrir tjald þegar þannig viðrar.



## Leiksvæði

Fyrir innan hólinn er opið svæði er teygir sig að safntjörninni. Leiktæki eru þar nyrst varin af skjólbelti fyrir norðanáttinni.

Tækin eru frekar stíluð inn á eldri börn og til að létta álagi af leikskólalóðinni.

Bekkur og klifurgrind eru við enda hólins.



## Tenging norður

Hér er norðaustur hluti svæðis eins og bjartur skógur sem getur teygst sig áfram að fótboltavellinum.

Góð gönguleið norður gefur færi á fjölbreyttara afþreyingarsvæði þar eins og hundagerði, áningarstað í reiðtúrnum, og greiðari hlaupaleið inn í sveitir svo eitthvað sé nefnt.



## Grillhús

Er hér á einum skjólbesta staðnum á svæðinu. Nálægð við torgið myndar meiri stemningu fyrir skemmtanahald og auðvelt að fylgjast með því sem fram fer á sviðinu. Grill myndar hér sólina í líkani sólkerfisins og stöplar í kring pláneturnar.



## Safntjörn

Rólegra svæði er við safntjörnina sem liggur við enda opna svæðisins.

Bekkurinn er hér busl-brú fyrir þá sem vilja.

Tjörnin tekur við snjómokstri að vetri og þegar hana leggur myndar hún tilvalið skautasvell.

Hér er hægt að hafa viðkvæmari gróður, blómaengi og starir.